

Launakostnaður 2008

Labour cost survey 2008

Samantekt

Árið 2008 var hlutfall launa 81,3% af heildarlaunakostnaði á móti 18,7% hlutfalli annars launakostnaðar en launa. Launagreiðendur bera ýmsan annan launakostnað en beinar launagreiðslur til starfsmanna sinna. Árið 2008 var stærstur hluti þessa kostnaðar vegna mótframlags launagreiðenda í lífeyris- og séreignarsjóði eða 9,8% af heildarlaunakostnaði.

Þá hefur samsetning heildarlaunakostnaðar á Íslandi tekið nokkrum breytingum frá árinu 2000 þar sem hlutfall annars launakostnaðar en launa hefur vaxið nokkuð umfram þátt launa af heildarlaunakostnaði. Árið 2008 var hlutfall annars launakostnaðar en launa hæst í heilbrigðis- og félagsþjónustu eða 21,6% en lægst í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eða 15,5%.

Við samanburð á launakostnaði á unna stund í Evrópulöndum var launakostnaður á Íslandi yfirleitt nálægt meðaltali ríkja Evrópusambandsins. Launakostnaður á unna stund var að jafnaði hæstur í ríkjum Vestur-Evrópu en lægstur í nýjustu aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Þetta eru niðurstöður rannsóknar á launakostnaði árið 2008 sem Hagstofa Evrópusambandsins stóð fyrir á meðal aðildarríkja Evrópusambandsins auk Íslands, Króatíu, Makedóníu, Noregs, Sviss og Tyrklands. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar sem varða Ísland en þær voru birtar á vef Eurostat á fyrri hluta árs 2011.

Rannsókn á launakostnaði

Rannsókn á launakostnaði

Labour Cost Survey (LCS) er rannsókn sem Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, stendur fyrir. Rannsóknin er framkvæmd á fjögurra ára fresti og var fyrsta viðmiðunarár hennar árið 1996. Rannsókninni er ætlað að veita samanburðarhæfar upplýsingar um launakostnað sem og samsetningu hans í einstökum atvinnugreinum innan ríkjanna. Í rannsókninni er jafnframt safnað upplýsingum um fjölda starfsmanna og vinnutíma. Niðurstöður í heild sinni eru birtar á vef Eurostat¹ en valdar niðurstöður eru birtar á vef Hagstofu Íslands.²

Rannsóknin byggir á upplýsingum frá 33 löndum, það er öllum 27 löndum Evrópusambandsins auk Íslands, Króatíu, Makedóníu, Noregs, Sviss og Tyrklands. Rannsókninni er ætlað að ná til vinnumarkaðarins í heild sinni að undanskildum atvinnugreinunum landbúnaði, fiskveiðum, heimilishaldi með launuðu starfsfólki og starfsemi alþjóðlegra stofnana. Þá var löndum í sjálfsveld sett hvort þau skiluðu

¹ epp.eurostat.ec.europa.eu.

² www.hagstofa.is.



upplýsingum um opinbera stjórnsýslu og almannatryggingar. Að þessu sinni skilaði Ísland gögnum í 8 af 13 atvinnugreinum¹ sem rannsókninni er ætlað að ná til og byggjast niðurstöður á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands.

Heildarlaunakostnaður á Íslandi árið 2008

*Hlutfall annars launakostnaðar
en launa hefur aukist frá árinu
2000*

Hlutfallsleg skipting á milli launa og annars launakostnaðar en launa hefur breyst frá árinu 2000. Eins og sést í töflu 1 á næstu síðu hefur hlutfall annars launakostnaðar en launa aukist í öllum atvinnugreinum. Ástæðuna má meðal annars rekja til aukins mótframlags í lífeyris- og séreignarsjóði, en mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóð myndar grunn til tryggingagjalds og því eykst upphæð sem launagreiðandi þarf að greiða í tryggingagjald í takt við aukningu mótframlags í lífeyrissjóð. Þá má einnig að einhverju leyti rekja breytingar á hlutfalli annars launakostnaðar til bættra upplýsinga um fjarvistir vegna veikinda og breytinga á samsetningu gagnasafnsins sem niðurstöðurnar byggja á.

*Hlutfall annars launakostnaðar
hæst í heilbrigðis- og
félagsþjónustu*

Nokkur munur var á hlutfallslegri skiptingu launa og annars launakostnaðar en launa eftir atvinnugreinum. Árið 2008 var hlutfall annars launakostnaðar hæst í heilbrigðis- og félagsþjónustu 21,6% og skýrist það meðal annars af háu mótframlagi í lífeyrissjóð sem og háu hlutfalli veikindafjarvista en veikindafjarvistir, sem hlutfall af heildarlaunakostnaði, voru mestar í þeirri grein.

*Hlutfall annars launakostnaðar
lægst í byggingarstarfsemi*

Hlutfall annars launakostnaðar en launa var lægst í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árið 2008 eða 15,5%. Þá var hlutfallið 16,6% í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu en í þessum tveimur atvinnugreinum var hlutfall launamanna sem fékk mótframlag í séreignarsjóð lægra en í öðrum atvinnugreinum. Nánar er fjallað um mótframlag launagreiðenda í séreignarsjóði á blaðsíðu 7.

¹ Stuðst er við alþjóðlegu atvinnugreinaflokkunina NACE, endurskoðun 1.1 sem íslenska atvinnugreinaflokkunin ÍSAT95 byggist á. Niðurstöður byggja á eftirfarandi atvinnugreinum: Iðnaði (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G), samgöngum og flutningum (I), fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J), opinberri stjórnsýslu og almannatryggingum (L), fræðslustarfsemi (M) og heilbrigðis- og félagsþjónustu (N).

Tafla 1. Hlutfallsleg skipting heildarlaunakostnaðar eftir atvinnugrein*Table 1. Comparison of structure in total labour cost by economic activity*


Hlutfall Percent	2000	2004	2008
Laun Wages and salaries			
Iðnaður Manufacturing	87,2	85,0	82,7
Byggingarstarfsemi o.fl. Construction	87,5	85,3	84,5
Verslun o.fl. Wholesale etc.	86,5	85,1	83,4
Samgöngur og flutningar Transport etc.	85,5	83,0	81,2
Fjármálaþjónusta o.fl. Financial intermediation	•	•	81,0
Opinber stjórnsýsla o.fl. Public administration etc.	•	84,4	80,7
Fræðslustarfsemi Education	•	82,7	80,1
Heilbrigðis- og félagsþjónusta Health and social work	•	83,8	78,4
Annar launakostnaður en laun Employers' social contributions			
Iðnaður Manufacturing	12,8	15,0	17,3
Byggingarstarfsemi o.fl. Construction	12,5	14,7	15,5
Verslun o.fl. Wholesale etc.	13,5	14,9	16,6
Samgöngur og flutningar Transport etc.	14,5	17,0	18,8
Fjármálaþjónusta o.fl. Financial intermediation	•	•	19,0
Opinber stjórnsýsla o.fl. Public administration etc.	•	15,6	19,3
Fræðslustarfsemi Education	•	17,3	19,9
Heilbrigðis- og félagsþjónusta Health and social work	•	16,2	21,6

Kostnaður vegna orlofs- og helgidaga var 9,7% af heildarlaunakostnaði

Nánari hlutfallsleg skipting á heildarlaunakostnaði árið 2008 er sýnd á mynd 1. Þá var hlutfall launa af heildarlaunakostnaði að meðaltali 81,3% í þeim atvinnugreinum sem rannsóknin náði til. Hlutfall launa án eingreiðslna af heildarlaunakostnaði var að meðaltali 67,1%, hlutfall eingreiðslna var 3,9%, hlunninda 0,6% og orlofs- og helgidaga 9,7%.

Mótframlag í lífeyris- og séreignarsjóði var 9,8% af heildarlaunakostnaði

Launakostnaður annar en laun var 18,7% af heildarlaunakostnaði árið 2008. Hlutfall tryggingagjalds var 5,1% af heildarlaunakostnaði og mótframlag í lífeyris- og séreignarsjóði 9,8%. Hlutfall kjarasamningsbundinna greiðslna var 0,8% af heildarlaunakostnaði og veikinda og eftirlauna 3,0%. Mótframlag í lífeyrissjóð inniheldur bæði lögbundið mótframlag og mótframlag í séreignarsjóð.


Mynd 1. Hlutfallsleg skipting heildarlaunakostnaðar árið 2008*Figure 1. Structure of labour cost as percent of total labour cost 2008*

Hlutfallsleg skipting launa eftir
atvinnugrein

Mynd 2 sýnir hlutfallslega skiptingu launa af heildarlaunakostnaði eftir atvinnugrein. Þar sést að hlutfall launa án eingreiðslna var hæst í byggingarstarfsemi, 74,8% en lægst í fjármálaþjónustu, 53,5%.

Mynd 2. Hlutfall launa af heildarlaunakostnaði eftir atvinnugrein 2008

Figure 2. Structure of wages and salaries as percent of total labour cost economic activity 2008



Skýringar Notes: (D) Iðnaður *Manufacturing*; (F) Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð *Construction*; (G) Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta *Wholesale and retail trade; repair*; (I) Samgöngur og flutningar *Transport, storage and communication*; (J) Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar *Financial intermediation*; (L) Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar *Public administration and defence; compulsory social security*; (M) Fræðslustarfsemi *Education*; (N) Heilbrigðis- og félagsþjónusta *Health and social work*.

Hlutfall eingreiðslna
hæst í fjármálaþjónustu

Eingreiðslur eru þær greiðslur sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili svo sem orlofs- og desemberuppbót, 13. mánuður og frammistöðutengdar greiðslur. Hlutfall eingreiðslna af heildarlaunakostnaði var hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum eða 17,9%. Í öðrum atvinnugreinum var hlutfall eingreiðslna af heildarlaunakostnaði á bilinu 1,4% til 3,1%.

Hlunnindi voru lítil
hluti af launakostnaði

Hlunnindi voru almennt lítil hluti af heildarlaunakostnaði í öllum atvinnugreinum. Hlutfall hlunninda var lægst 0,01% í fræðslustarfsemi og 0,02% í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í fjármálaþjónustu var hlutfallið hæst eða 1,2%.

Launakostnaður sem flokkast sem hlunnindi eru til dæmis kaupréttarsamningar, bifreiða-, síma- og fæðishlunnindi. Kostnaður vegna hlunninda getur verið vanmetin í rannsókninni í þeim tilfellum þegar hann er ekki skráður í launabókhald atvinnurekenda.

Flestir orlofsdagar í
samgöngum

Hlutfall kostnaðar vegna orlofs- og helgidaga af heildarlaunakostnaði var á bilinu 7,7% til 10,8%. Lægst var hlutfallið í byggingarstarfsemi en hæst í samgöngum.

Kostnaður við orlofsdaga er metinn útfrá orlofsréttindum hvers launamanns hjá launagreiðanda á árinu. Samkvæmt lögum¹ um lágmarksorlofsrétt launamanna skal orlof vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári, samtals 24 virkir dagar á ári eða sem svarar til 10,17% af heildarlaunum. Í kjarasamningum eru víða ákvæði um meiri orlofsrétt en orlofslög kveða á um. Í flestum kjarasam-

¹ Sjá lög nr. 30/1987.

ingum fjölga orlofsdögum ýmist með hækkanði starfsaldri eða lífaldri. Í gagnasafninu var miðgildi orlofsréttinda 11,59% árið 2008 eða 27 dagar.


Helgidagar eru sérstakir frídagar sem lenda á virkum dögum eins og sumardagurinn fyrsti. Þeir voru 12 á árinu 2008.

Hlutfallsleg skipting annars launakostnaðar eftir atvinnugrein

Mynd 3 sýnir hlutfallslega skiptingu annars launakostnaðar en launa af heildarlaunakostnaði eftir atvinnugrein. Árið 2008 var tryggingagjald 5,34% af launum en stofn til tryggingagjalds eru allar tegundir launa, þóknanna og mótframlag í lífeyrissjóð. Mótframlag í lífeyrissjóð er samtala mótframlags launagreiðenda í lífeyris- og séreignarsjóði. Algengast er að stofn til mótframlags í lífeyrissjóð séu allar tegundir launa og þóknanna að undanskyldum hlunnindum og aksturgreiðslum. Árið 2008 var algengasta mótframlag launagreiðenda í samtryggingalífeyrissjóð 8% á almennum vinnumarkaði en 11,5% í opinbera geiranum.

Mynd 3. Hlutfall annars launakostnaðar en launa af heildarlaunakostnaði eftir atvinnugrein árið 2008

Figure 3. Structure of employers' social contributions as percent of total labour cost by economic activity 2008



Skýringar Notes: Heiti atvinnugreina, sjá mynd 2. Economic activity, see figure 2.

Hlutfall greiðslna í lífeyris- og séreignarsjóði hæst í fjármálaþjónustu

Eins og sést á mynd 3 að ofan var hlutfall mótframlags launagreiðenda í lífeyris- og séreignarsjóði hæst í atvinnugreinunum fjármálaþjónustu, fræðslustarfsemi, og heilbrigðis- og félagsþjónustu eða 11%. Lægst var hlutfallið í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eða 7,7%.

Kjarasamningsbundnar greiðslur

Hlutfall kjarasamningsbundinna greiðslna af heildarlaunakostnaði var á bilinu 0,4% til 1,1%, lægst í fjármálaþjónustu en hæst í atvinnugreinunum verslun og samgöngum.

Í flestum kjarasamningum er kveðið á um greiðslur launagreiðenda í sjúkra- og orlofsheimilassjóði. Í gagnasafninu var algengast að greitt væri 1% af launum í sjúkrasjóð hjá starfsmönnum á almennum vinnumarkaði en 0,55% hjá starfsmönnum hins opinbera. Orlofsheimilassjóðsgjaldið var 0,25% af launum hjá flestum.

Nýr launakostnaðarliður bættist við á miðju ári 2008. Frá og með 1. júní 2008 áttu launagreiðendur að greiða 0,13% af launum í starfsendurhæfingssjóð samkvæmt

yfirlýsingu í kjarasamningi Samtaka atvinnulífisins (SA) og landssambanda og stærstu aðildarfélagi Alþýðusambands Íslands (ASÍ) vorið 2008. Samningsákvæðið náði til allra félagsmanna en launagreiðendum var þó heimilt að greiða fyrir alla starfsmenn óháð félagsaðild. Sambærilegar greiðslur fyrir opinbera starfsmenn og starfsmenn fjármálafyrirtækja hófust árið 2009.

Hlutfall veikinda og eftirlauna af heildarlaunakostnaði lægst í byggingarstarfsemi

Í rannsókninni var kostnaður vegna veikinda og eftirlauna dreginn saman í einn lið. Á Íslandi eru eftirlaun óverulegur hluti launakostnaðar enda tíðkast almennt ekki að launagreiðendur greiði eftirlaun til fyrrverandi starfsmanna eða maka. Hlutfall kostnaðar vegna veikinda og eftirlauna var hæst í heilbrigðis- og félagsþjónustu 4,6% en lægst í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 1,7%.

Vinnustundir

Greiddar og unnar stundir


Í rannsókn Hagstofu Evrópusambandsins var bæði gerð grein fyrir unnum og greiddum stundum. Í gagnasafni launarannsóknar Hagstofu Íslands, sem niðurstöðurnar byggja á, er hins vegar einungis safnað greiddum stundum. Lagt var mat á unnar stundir út frá upplýsingum um töku orlofs, fjarvistir vegna veikinda og fjölda helgidaga.

Í einhverjum tilfellum geta vinnustundir verið vanmetnar. Til dæmis þegar launamenn eru með fastlaunasamninga en slíkir samningar fela í sér að ekki er greitt sérstaklega fyrir tilfallandi yfirvinnu.

Fyrir hverja unna vinnustund var greitt fyrir 1,25 vinnustundir

Á mynd 4 má sjá samanburð á meðalfjölda greiddra og unninna stunda á hvern starfsmann eftir atvinnugrein árið 2008. Fyrir hverja unna vinnustund var greitt að meðaltali fyrir 1,25 stundir í þeim atvinnugreinum sem rannsóknin náði til.

Mynd 4. Fjöldi greiddra og unninna vinnustunda eftir atvinnugrein árið 2008
Figure 4. Number of hours actually worked and paid by economic activity 2008



Skýringar Notes: Heiti atvinnugreina, sjá mynd 2. Economic activity, see figure 2.


Hlutfall á milli greiddra og unninna vinnustunda var lægst í byggingarstarfsemi og verslun. Í þeim atvinnugreinum voru greiddar 1,22 stundir fyrir hverja unna stund. Hins vegar var greitt fyrir 1,29 stundir fyrir hverja unna stund að meðaltali í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Munurinn liggur fyrst og fremst í mismunandi orlofsréttindum starfsmanna og fjarvistum vegna veikinda.

Heildarlaunakostnaður á greidda stund um 2.500 krónur

Heildarlaunakostnaður á greidda stund var að meðaltali um 2.500 krónur árið 2008. Mynd 5 sýnir samanburð á launakostnaði á greidda stund eftir atvinnugreinum. Kostnaðurinn var lægstur í verslun, tæpar 2.200 krónur, en hæstur í fjármálaþjónustu, um 4.200 krónur á stund. Eins og áður hefur komið fram er fjármálaþjónusta frábrugðin öðrum greinum hvað varðar hlutfall eingreiðslna af heildarlaunakostnaði. Þá eru fastlaunasamningar algengir í greininni sem geta valdið því að stundir séu vanmetnar.

Mynd 5. Launakostnaður á greidda stund eftir atvinnugrein árið 2008

Figure 5. Total labour cost per paid hour by economic activity 2008



Skýringar Notes: Heiti atvinnugreina, sjá mynd 2. Economic activity, see figure 2.

Hlutfall veikinda af greiddum stundum 4,9%

Í launarannsókn Hagstofu Íslands, sem gagnasafnið byggir á, er safnað upplýsingum um greiddar stundir vegna veikinda og slysa frá hluta launagreiðenda í rannsókninni. Þessar upplýsingar eru notaðar til að áætla veikinda- og slyshlutfall í hverri atvinnugrein sem rannsókn á launakostnaði á Íslandi nær til. Árið 2008 var hlutfall veikinda af greiddum stundum 4,9%.

Mótframlag launagreiðenda í séreignarsjóði

Mótframlag launagreiðenda í lífeyris- og séreignarsjóði

Samkvæmt lögum¹ eiga allir starfandi einstaklingar á aldrinum 16 til 70 ára að greiða í samtryggingalífeyrissjóð. Þá geta launamenn að auki greitt í séreignarsjóði. Ef þeir greiða að lágmarki 2% af launum sínum í viðbótarlífeyrissparnað fá þeir mótframlag í sinn séreignarsjóð frá launagreiðanda. Slíkt mótframlag er 2% samkvæmt flestum kjarasamningum. Þó er mótframlag launagreiðenda starfsmanna fjármálafyrirtækja frábrugðið að því leyti að mótframlag í lífeyrissjóð er 6% en mótframlag í séreignarsjóð starfsmanna með minni en þriggja ára starfsreynslu er 2% og 7% fyrir þá sem hafa lengri starfsreynslu.


Helmingur launamanna fékk greitt í séreignarsjóði árið 2008

Árið 2008 fékk um helmingur launamanna greiðslur í séreignarsjóði frá launagreiðanda. Á mynd 6 má sjá að í fjármálaþjónustu voru flestir launamenn með viðbótarlífeyrissparnað eða 73%. Eins og áður er getið þá eru ákvæði í kjarasamningi starfsmanna fjármálafyrirtækja um greiðslu í séreignarsjóði frábrugðin ákvæðum annarra launamanna.

¹ Sjá lög nr. 129/1997.

Mynd 6. Hlutfall launamanna sem fá mótframlag í séreignarsjóð eftir atvinnugrein árið 2008

Figure 6. Structure of employees who get payments in private pension savings 2008




Skýringar Notes: Heiti atvinnugreina, sjá mynd 2. Economic activity, see figure 2.

Þá má einnig sjá á mynd 6 að hlutfallslega fæstir greiddu í séreignarsjóð í verslun eða um 40% launamanna. Það skýrist meðal annars af aldursamsetningu innan atvinnugreinarinnar en hlutfall launamanna yngri en 25 ára var herra í verslun en í öðrum atvinnugreinum. Eins og sést á mynd 7 þá greiddu einungis um 6% þeirra sem voru á aldrinum 16–25 ára í séreignarsjóð en hlutfallið hækkaði með hækkandi aldri og náði hámarki á aldursbilinu 46–55 ára en þá greiddu rúmlega 12% í séreignarsjóð.

Mynd 7. Hlutfall launamanna sem fá mótframlag í séreignarsjóð eftir aldri árið 2008

Figure 7. Distribution of payments in private pension savings by age 2008



Alþjóðlegur samanburður á launakostnaði 2008

Hlutfall annars launakostnaðar en launa var lægri á Íslandi en að meðaltali innan Evrópusambandsins

Í samanburði við meðaltal Evrópusambandsins (ESB27) var annar launakostnaður en laun hlutfallslega lægri á Íslandi árið 2008 í öllum atvinnugreinum sem rannsóknin náði til. Hlutfall launa var 77,6% í ESB27 á móti 22,4% annars launakostnaðar en launa. Á Íslandi var hlutfall launa af heildarlaunakostnaði 81,3% á móti 18,7% annars launakostnaðar en launa. Mismunandi hlutfall getur meðal annars skýrst af því hvort lífeyrissgreiðslur og önnur launatengd gjöld voru greidd af launagreiðanda eða launamanni.

Hlutfallslegur launakostnaður annar en laun var lægstur á Íslandi í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Í þeirri atvinnugrein var munurinn mestur á hlutfalli launa á milli Íslands og meðaltals Evrópusambandsins. Í byggingarstarfsemi var hlutfall launa 84,5% á Íslandi en 76,9% að meðaltali innan Evrópusambandsins.

Tafla 2. Hlutfallsleg skipting heildarlaunakostnaðar eftir atvinnugrein 2008

Table 2. Comparison of structure in total labour cost by economic activity 2008

Hlutfall Percent	Laun <i>Wages and salaries</i>		Annar launa- kostnaður en laun <i>Employers' social contributions</i>	
	Ísland	ESB27	Ísland	ESB27
	<i>Iceland</i>	<i>EU27</i>	<i>Iceland</i>	<i>EU27</i>
Alls Total	81,3	77,6	18,7	22,4
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	82,7	76,3	17,3	23,7
Byggingarstarfsemi o.fl. <i>Construction</i>	84,5	76,9	15,5	23,1
Verslun o.fl. <i>Wholesale etc.</i>	83,4	78,8	16,6	21,2
Samgöngur og flutningar <i>Transport etc.</i>	81,2	76,7	18,8	23,3
Fjármálaþjónusta o.fl. <i>Financial intermediation</i>	81,0	76,7	19,0	23,3
Opinber stjórnsýsla o.fl. <i>Public administration etc.</i>	80,7	•	19,3	•
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	80,1	76,4	19,9	23,6
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	78,4	78,2	21,6	21,8

Heildarlaunakostnaður var
misjafn milli Evrópuríkja


Við samanburð á heildarlaunakostnaði má sjá að hann var mjög misjafn milli ríkja Evrópu. Mynd 8 sýnir samanburð á launakostnaði¹ á unna stund árið 2008.

Heildarlaunakostnaður var
hæstur í Noregi

Í Búlgaríu, Makedóníu og Rúmeníu var heildarlaunakostnaður lægstur. Launakostnaður þeirra á greidda stund var á bilinu 2,6 til 4,2 evrur að meðaltali. Launakostnaður á greidda stund var hæstur í Noregi eða 37,7 evrur og 34,9 evrur í Danmörku. Þá var launakostnaður á greidda stund að meðaltali 21,7 evrur Íslandi sem var svipað og meðaltal heildarlaunakostnaðar innan Evrópusambandsins.

Mynd 8. Samanburður á heildarlaunakostnaði á unna stund árið 2008

Figure 8. Comparison of total hourly labour cost 2008



Skýringar Notes: Heiti á atvinnugreinum og landatáknum má sjá í töflum 6 og 7 aftast í heftinu. *Economic activities and country abbreviations are listed in tables 6 and 7 at the end of the issue.*

¹ Mynd 8 sýnir launakostnað fyrir allar atvinnugreinar í rannsókn Eurostat að undanskildri opinberri stjórnsýslu þar sem valkvætt var að skila upplýsingum fyrir þá grein. Gögn vantar fyrir 5 atvinnugreinar frá Íslandi, (það eru námur, veitur, hótél- og veitingahúsarekstur, leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta, önnur samfélagsþjónusta og félagsstarfsemi, menningarstarfsemi og fleira) og því eru þær greinar ekki inni í meðaltali Íslands.


*Heildarlaunakostnaður í iðnaði
var hæstur í Noregi*

Mynd 9 sýnir samanburð á heildarlaunakostnaði á unna stund í iðnaði árið 2008. Þar sést að heildarlaunakostnaður í Noregi var hæstur eða 37,5 evrur. Þá var kostnaður í Belgíu 37,2 evrur. Í Búlgaríu mældist heildarlaunakostnaður í iðnaði hins vegar lægstur eða 2,2 evrur á hverja unna stund. Þar á eftir kom Makedónía með 2,9 evrur á hverja unna vinnustund.

Á Íslandi var heildarlaunakostnaður 20,7 evrur í iðnaði en meðaltal heildarlaunakostnaðar innan Evrópusambandsins var 22,1 evra.

Mynd 9. Samanburður á heildarlaunakostnaði á unna stund í iðnaði árið 2008

Figure 9. Comparison of total hourly labour cost in Manufacturing 2008



Skýringar Notes: Skýringar á landatáknum eru í töflu 6 á blaðsíðu 25. Country abbreviations are listed in table 6 on page 25.


Heildarlaunakostnaður í
byggingarstarfsemi var hæstur í
Danmörku

Í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð var heildarlaunakostnaður á unna stund hæstur í Danmörku eða 34,7 evrur eins og sést á mynd 10. Noregur var með næst hæstan heildarlaunakostnað eða 32,3 evrur og þar á eftir komu Svíþjóð og Holland. Þá voru Belgía, Írland, Frakkland, Finnland og Austurríki með svipaðan heildarlaunakostnað eða um 28 evrur.

Í Búlgaríu var heildarlaunakostnaður á unna stund lægstur í byggingarstarfsemi árið 2008 eða 2,0 evrur. Til samanburðar var heildarlaunakostnaður 22,0 evrur á Íslandi en það er aðeins herra en meðaltal Evrópusambandsins sem var 19,2 evrur.

Mynd 10. Samanburður á heildarlaunakostnaði á unna stund í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árið 2008

Figure 10. Comparison of total hourly labour cost in Construction 2008




Skýringar Notes: Skýringar á landatáknum eru í töflu 6 á blaðsíðu 25. Country abbreviations are listed in table 6 on page 25.

*Heildarlaunakostnaður í verslun
var hæstur í Danmörku*

Eins og sést á mynd 11 þá var heildarlaunakostnaður hæstur í Danmörku í verslun eða 33,2 evrur. Á Íslandi var heildarlaunakostnaður á unna vinnustund 18,3 evrur sem var mjög svipað meðaltali heildarlaunakostnaðar innan Evrópusambandsins. Í verslun var lægsti heildarlaunakostnaður í Búlgaríu eða 2,2 evrur á hverja unna stund.

Mynd 11. Samanburður á heildarlaunakostnaði á unna stund í verslun og ýmissi viðgerðaðþjónustu árið 2008

Figure 11. Comparison of total hourly labour cost in Wholesale and retail trade; repair 2008




Skýringar Notes: Skýringar á landatáknum eru í töflu 6 á blaðsíðu 25. Country abbreviations are listed in table 6 on page 25.

Heildarlaunakostnaður í
samgöngum var hæstur í
Noregi

Heildarlaunakostnaður á unna stund í samgöngum og flutningum mældist hæstur í Noregi af þeim ríkjum sem tóku þátt í rannsókninni eða 39,0 evrur eins og sést á mynd 12. Í Búlgaríu mældist heildarlaunakostnaður hins vegar lægstur eða 3,3 evrur og Makedónía kom þar á eftir með 3,8 evrur á hverja unna stund árið 2008.

Mynd 12. Samanburður á heildarlaunakostnaði á unna stund í samgöngum og flutningum árið 2008

Figure 12. Comparison of total hourly labour cost in Transport, storage and communication 2008




Skýringar Notes: Skýringar á landatáknum eru í töflu 6 á blaðsíðu 25. Country abbreviations are listed in table 6 on page 25.

Heildarlaunakostnaður hæstur í
fjármálaþjónustu í Noregi og
Belgíu

Heildarlaunakostnaður í fjármálaþjónustu var hæstur í Noregi 55,7 evrur. Þar á eftir kom Belgíu með 55,5 evrur, Lúxemborg með 54,7 evrur, Svíþjóð með 53,6 evrur og Danmörk með 52,3 evrur á unna stund. Á Íslandi var heildarlaunakostnaður á unna stund í fjármálaþjónustu 36,4 evrur. Eins og sést á mynd 13 er kostnaður á Íslandi á unna stund í fjármálaþjónustu svipaður og á Spáni, Finnlandi og meðaltali Evrópusambandsins.

Mynd 13. Samanburður á heildarlaunakostnaði á unna stund í fjármálaþjónustu, lifeyrissjóðum og váttryggingum árið 2008

Figure 13. Comparison of total hourly labour cost in financial intermediation 2008



Skýringar Notes: Skýringar á landatáknum eru í töflu 6 á blaðsíðu 25. Country abbreviations are listed in table 6 on page 25.


Heildarlaunakostnaður í
opinberri stjórnsýslu var hæstur
í Hollandi

Af 33 löndum skilaði 21 land inn tölum fyrir launakostnað í atvinnugreininni opinber stjórnsýsla en það var valkvætt að skila inn upplýsingum fyrir þá atvinnugrein. Ísland skilaði upplýsingum um opinbera stjórnsýslu og var heildarlaunakostnaðurinn á unna stund 24 evrur árið 2008. Hins vegar mældist heildarlaunakostnaður á unna stund hæstur í Hollandi eða 39,0 evrur eins og sést á mynd 14. Þar á eftir komu Danmörk, þar sem kostnaður var 36,7 evrur, og svo Írland með 35,7 evrur á unna stund.

Þar sem fá ríki Evrópusambandsins skiluðu inn upplýsingum um opinbera stjórnsýslu var ekki reiknað meðaltal Evrópusambandsins.

Mynd 14. Samanburður á heildarlaunakostnaði á unna stund í opinberri stjórnsýslu árið 2008

Figure 14. Comparison of total hourly labour cost in Public administration 2008




Skýringar Notes: Skýringar á landatáknum eru í töflu 6 á blaðsíðu 25. Country abbreviations are listed in table 6 on page 25.

Heildarlaunakostnaður í
fræðslustarfsemi var hæstur á
Írlandi

Á Íslandi var heildarlaunakostnaður á unna stund í fræðslustarfsemi 20,7 evrur eins og sést á mynd 15. Til samanburðar mældist heildarlaunakostnaður mestur á Írlandi af þeim ríkjum sem tóku þátt í rannsókninni eða 43,4 evrur. Í Búlgaríu mældist heildarlaunakostnaður í sömu atvinnugrein hins vegar lægstur eða 2,8 evrur á hverja unna stund.

Mynd 15. Samanburður á heildarlaunakostnaði á unna stund í fræðslustarfsemi árið 2008

Figure 15. Comparison of total hourly labour cost in Education 2008




Skýringar Notes: Skýringar á landatáknum eru í töflu 6 á blaðsíðu 25. Country abbreviations are listed in table 6 on page 25.

Heildarlaunakostnaður í heilbrigðis- og félagsþjónustu var hæstur í Lúxemborg

Á Íslandi var heildarlaunakostnaður á unna stund í heilbrigðis- og félagsþjónustu 20,6 evrur. Kostnaðurinn var hæstur í Lúxemborg af þeim ríkjum sem tóku þátt í rannsókninni eða 34,1 evrur. Í Búlgaríu mældist heildarlaunakostnaður í sömu atvinnugrein hins vegar lægstur eða 2,7 evrur á hverja unna vinnustund.

Mynd 16. Samanburður á heildarlaunakostnaði á unna stund í heilbrigðis- og félagsþjónustu árið 2008

Figure 16. Comparison of total hourly labour cost in Health and social work 2008



Skýringar Notes: Skýringar á landatáknum eru í töflu 6 á blaðsíðu 25. Country abbreviations are listed in table 6 on page 25.

Um rannsókn á launakostnaði

Markmið rannsóknarinnar

Rannsókn á launakostnaði (e. Labour Cost Survey, LCS) er samstarfsverkefni á vegum Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1737/2005. Megintilgangur með framkvæmd rannsóknarinnar er að safna samræmdum upplýsingum um launakostnað í ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins og er úrvinnsla gagna og framsetning niðurstaðna framkvæmd af Eurostat. Rannsókninni er ætlað að veita samanburðarhæfar upplýsingar um launakostnað sem og samsetningu hans í einstökum atvinnugreinum innan ríkjanna. Í rannsókninni er jafnframt safnað upplýsingum um fjölda starfsmanna og vinnutíma.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar í heild sinni á vef Eurostat, epp.eurostat.ec.europa.eu, en valdar niðurstöður eru birtar á vef Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is.

Umfang rannsóknarinnar

Rannsóknin nær til allra 27 aðildarríkja Evrópusambandsins auk Íslands, Króatíu, Makedóníu, Noregs, Sviss og Tyrklands. Rannsókninni er ætlað að ná til vinnu-markaðarins í heild sinni. Þó eru undanskildar atvinnugreinarnar landbúnaður (A), fiskveiðar (B), heimilishald með launuðu starfsfólki (P) og starfsemi alþjóðlegra stofnana (Q). Þá var löndum í sjálfsvald sett hvort þau skiluðu upplýsingum um opinbera stjórnsýslu og almannatryggingar (L). Þá var einnig valkvætt að skila gögnum fyrir fyrirtæki og stofnanir með færri en tíu starfsmenn.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru birtar eftir atvinnugreinum í samræmi við atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE Rev. 1.1.¹ Á vefsíðu Eurostat er einnig hægt að nálgast upplýsingarnar brotnar niður eftir NACE Rev. 2. Auk upplýsinga um launakostnað í einstökum ríkjum eru birt vegin meðaltöl sem endurspeglar launakostnað innan Evrópusambandsins.

Vinnslutími rannsóknarinnar

Viðmiðunartímabil rannsóknarinnar er árið 2008. Gögnum er safnað einu og hálfu ári eftir að viðmiðunartímabili lýkur og tekur það að jafnaði um hálf tít ár að vinna úr gögnunum. Því var gögnum fyrir árið 2008 safnað af hálfu Eurostat um mitt ár 2010 og var endanlegri birtingu gagnanna lokið á fyrri hluta ársins 2011.

Gögn Íslands

Upplýsingar um launakostnað íslenskra fyrirtækja, stofnana og sveitafélaga eru fengnar úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Rannsóknin er byggð á úrtaki fyrirtækja og sveitarfélaga með tíu eða fleiri starfsmenn. Þá nær rannsóknin til allra starfsmanna ríkisins sem starfa hjá stofnunum með tíu eða fleiri starfsmenn að meðaltali á ársgrundvelli.

Launaupplýsingar eru fengnar um alla starfsmenn og er gagna aflað mánaðarlega rafrænt frá launagreiðendum í úrtaki. Þau atriði sem safnað er í launarannsókninni eru þegar til staðar í launahugbúnaði launagreiðenda. Safnað er ítarlegum upplýsingum um laun, launakostnað, greiddar stundir og ýmsa bakgrunnspætti starfsmanna og launagreiðenda. Við framkvæmd rannsóknarinnar er tekið mið af þeim kröfum sem gerðar eru til launarannsókna í reglugerðum á Evrópska efnahagssvæðinu.

Að þessu sinni skilaði Ísland gögnum í 8 af 13 atvinnugreinum sem rannsókninni er ætlað að ná til, það er í iðnaði (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G), samgöngum og flutningum (I), fjármála-

¹ Íslenska atvinnugreinaflokkunarkerfið ISAT95 byggir á NACE Rev. 1.1.

þjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J), opinberri stjórnsýslu og almanna-tryggingum (L), fræðslustarfsemi (M) og heilbrigðis- og félagsþjónustu (N). Gögn vantar fyrir 5 atvinnugreinar frá Íslandi, það eru námur (C), veitur (E), hótél- og veitingahúsarekstur (H), leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (K), önnur samfélagsþjónusta og félagsstarfsemi, menningarstarfsemi og fleira (O). Af þeim launamönnum sem rannsókninni er ætlað að ná til, eru um 80% í þeim atvinnugreinum sem Ísland skilar.

Túlkun Í evrópsku rannsókninni á launakostnaði er heildarlaunakostnaður skilgreindur sem allur sá kostnaður sem atvinnurekandi ber vegna vinnu starfsmanns, hvort sem um er að ræða beinar eða óbeinar launagreiðslur eða vegna annarra þátta, svo sem vegna tungumálakennslu eða kostnaðar vegna nýráðninga, að fráðregnum styrkjum til atvinnurekanda. Upplýsingar um heildarlaunakostnað á Íslandi byggja að mestu á gögnum sem skráð eru í launabókhaldi atvinnurekenda og safnað er í launarannsókn Hagstofunnar.

Í þessu hefti er ekki tekið tillit til þjálfunarkostnaðar, ráðningarkostnaðar, skatta, atvinnubótastyrkja, ábyrgðar- eða starfsábyrgðartryggingu atvinnurekenda og því getur launakostnaður verið vanmetinn í einhverjum tilfellum þar sem hann er ekki skráður í launabókhald. Allar hlutfallstölur í heftinu eru leiðréttar miðað við það.

Heildarlaunakostnaður Heildarlaunakostnaði á Íslandi er skipt í þrjá þætti, laun, annan launakostnað en laun og skatta. Til launa teljast grunndagvinnulaun, álagsgreiðslur, kostnaðargreiðslur, bónusgreiðslur, ákvæðisgreiðslur, vaktaálag, yfirvinnulaun, óreglulegar greiðslur, nefndarlaun, hlunnindi, önnur laun, vísindasjóður og orlofsgreiðslur. Til annars launakostnaðar en launa teljast framlög launagreiðanda í lífeyris-, sjúkra- og starfsendurhæfingarsjóði. Greiðsla orlofsheimilagjalds og veikinda- og eftirlauna eru einnig talin til annars launakostnaðar en launa. Tryggingagjaldi er skipt upp í félagslegar greiðslur sem eru hluti af öðrum launakostnaði en launum og í skatta. Ekki er tekið tillit til annarra skatta en þeirra sem eru hluti tryggingagjalds.

Skýringar

Heildarlaunakostnaður er samtala launa og annars launakostnaðar en launa. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Compensation of employees* (D1).

Laun eru samtala grunndagvinnulauna, álagsgreiðslna, kostnaðargreiðslna, bónusgreiðslna, ákvæðisgreiðslna, vaktaálags, yfirvinnulauna, eingreiðslna, nefndarlauna, hlunninda, annarra launa, orlofsgreiðslna og vísindasjóðs. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Wages and salaries* (D11).

Annar launakostnaður en laun er samtala lífeyrissjóðsgjalds, tryggingagjalds, sjúkrasjóðsgjalds, orlofsheimilagsjóðsgjalds, starfsendurhæfingarsjóðs, annarra launatengdra gjalda, veikindalauna og eftirlauna. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Employers' social contribution* (D12).

Greiddar stundir eru samtala dag-, vakta- eða yfirvinnu. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Paid hours* (C1).

Unnar stundir eru metnar út frá greiddum stundum og er tekið tillit til upplýsinga um töku orlofs, fjarvista vegna veikinda og fjölda helgidaga. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Hours actually worked* (B1).

Heildarlaun án eingreiðslna eru samtala grunndagvinnulauna, álags-, kostnaðar- og bónusgreiðslna sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili, ákvæðisgreiðslna, vaktaálags, yfirvinnulauna, nefndarlauna, annarra launa og vísindasjóðs. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Direct remuneration, bonuses and allowances paid in each pay period* (D1111).

Eingreiðslur eru samtala greiðslna sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili, svo sem orlofs- og desemberuppbót, 13. mánuður og frammistöðutengdar greiðslur. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Direct remuneration, bonuses and allowances not paid in each pay period* (D1112).

Hlunnindi eru samtala kaupréttarsamninga, bifreiða-, síma-, fæðis- og annarra hlunninda. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Wages and salaries in kind* (D1113).

Orlofs- og helgidagar eru greiðslur fyrir vinnu sem er greidd en ekki unnin vegna frídaga. Greiðslur vegna orlofs eru metnar út frá orlofsréttindum hvers launamanns hjá launagreiðanda á árinu. Sérstakir frídagar og helgidagar á árinu 2008 voru 12. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Payments for days not worked* (D1114).

Tryggingagjald og mótframlag í lífeyrissjóði er samtala tryggingagjalds, án skattahluta þess, og mótframlags launagreiðanda í lífeyris- og séreignarsjóð launamanns. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Statutory social-security contributions* (D1211).

Greiðslur vegna kjarasamninga er samtala sjúkrasjóðs, orlofsheimilasjóðs, starfsendurhæfingarsjóðs og annarra sjóða í vörslu stéttafélaga sem ekki falla undir aðra liði. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Collectively agreed, contractual and voluntary social-security contributions* (D1212).

Veikindi og eftirlaun eru samtala veikinda og eftirlauna. Á Íslandi eru eftirlaun óverulegur hluti launakostnaðar enda tíðkast almennt ekki að launagreiðendur greiði eftirlaun til fyrirverandi starfsmanna. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Employers' imputed social contributions* (D122).

Skattur er skattahluti tryggingagjalds. Í þessu hefti er ekki tekið tillit til skattahlutfalls tryggingagjalds og eru allar hlutfallstölur leiðréttar miðað við það. Á vef Hagstofu Evrópusambandsins nefnist þessi breyta *Taxes* (D4).

ESB27 er vegið meðaltal þeirra ríkja sem tilheyra Evrópusambandinu. Löndin sem tilheyra Evrópusambandinu 1. janúar 2011 eru; Austurríki, Belgía, Bretland, Búlgaría, Danmörk, Eistland, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ítalía, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Malta, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Slóvakía, Slóvenía, Spánn, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland.

Evrur: Gengið sem notað er við að umreikna krónur yfir í evrur hjá Hagstofu Evrópusambandsins er meðal miðgengi ársins samkvæmt gengisskráningu Seðla-

banka Evrópu og var 143,83 evrur árið 2008. Fyrir árið 2004 var gengið 87,14 evrur og 72,58 evrur árið 2000.

English summary

This issue presents results from the Labour Cost Survey for the year 2008. The purpose of the survey is to establish comparable statistics on labour cost in the European Union member states, Croatia, Iceland, Macedonia, Norway, Switzerland and Turkey. The Icelandic data cover the economic activities (NACE, rev. 1.1) of Manufacturing, Construction, Wholesale and retail trade; repair, Transport, storage and communication, Financial intermediation, Public administration and defence; compulsory social security, Education and Health and social work.

In the year 2008 wages and salaries accounted for 81.3% of the total labour cost in Iceland. Non-wage labour cost was therefore 18.7%. The largest component in non-wage labour cost was employers' mandatory contribution to pension and private pension savings, 9.8% of total labour cost.

The composition of total labour cost in Iceland has changed since the year 2000. The proportion of non-wage of total labour cost has grown more than the proportion of wages and salaries. In 2008, the proportion of non-wage labour cost was highest in the economic activity of Health and social work, 21.6% and lowest in Construction, 15.5%.

Comparing hourly labour cost in Iceland and Europe in 2008 shows that the mean labour cost in Iceland was generally close to the mean labour cost in the European Union. In Europe, average hourly labour cost was highest in Western Europe and lowest in the newest member states.

Tafla 3. Hlutfall launa af heildarlaunakostnaði eftir atvinnugrein árið 2008

Table 3. Structure of wages and salaries as percent of total labour cost by economic activity 2008

Hlutfall Percent	Heildarlaun án eingreiðslna <i>Direct remuneration paid in each pay period</i>	Eingreiðslur <i>Direct remuneration not paid in each pay period</i>	Hlunnindi <i>Payments in kind</i>	Orlof- og helgidagar <i>Payments for days not worked</i>
Alls Total	67,1	3,9	0,6	9,7
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	69,5	2,8	1,1	9,3
Byggingarstarfsemi o.fl. <i>Construction</i>	74,8	1,4	0,6	7,7
Verslun o.fl. <i>Wholesale etc.</i>	69,4	3,0	1,1	9,9
Samgöngur og flutningar <i>Transport etc.</i>	67,2	2,8	0,5	10,7
Fjármálaþjónusta o.fl. <i>Financial intermediation</i>	53,5	17,9	1,2	8,4
Opinber stjórnsýsla o.fl. <i>Public administration etc.</i>	68,5	1,9	0,1	10,2
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	66,2	3,1	0,0	10,8
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	66,6	1,5	0,0	10,3

Tafla 4. Hlutfall annars launakostnaðar en launa af heildarlaunakostnaði eftir atvinnugrein árið 2008

Table 4. Structure of employers' social contributions as percent of total labour cost by economic activity 2008

Hlutfall Percent	Trygginga- gjald <i>Statutory social security contributions</i>	Framlag í lífeyris- og séreignasjóði <i>Contributions to pension schemes</i>	Kjara- samnings- bundnar greiðslur <i>Collectively agreed social security contributions</i>	Kostnaður v/ veikinda og eftirlauna <i>Employers' imputed social contributions</i>
Alls Total	5,1	9,8	0,8	3,0
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	5,1	8,5	1,0	2,7
Byggingarstarfsemi o.fl. <i>Construction</i>	5,1	7,7	1,0	1,7
Verslun o.fl. <i>Wholesale etc.</i>	5,1	8,2	1,1	2,2
Samgöngur og flutningar <i>Transport etc.</i>	5,2	9,6	1,1	2,9
Fjármálaþjónusta o.fl. <i>Financial intermediation</i>	5,2	11,0	0,4	2,4
Opinber stjórnsýsla o.fl. <i>Public administration etc.</i>	5,1	10,7	0,7	2,8
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	5,1	11,0	0,7	3,1
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	5,2	11,0	0,8	4,6

Tafla 5. Launakostnaður á greidda stund eftir atvinnugrein árið 2008

Table 5. Total labour cost per paid hour by economic activity 2008

Krónur ISK	Launakostnaður á greidda stund <i>Total hourly labour cost</i>
Alls Total	2.500
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	2.400
Byggingarstarfsemi o.fl. <i>Construction</i>	2.600
Verslun o.fl. <i>Wholesale etc.</i>	2.200
Samgöngur og flutningar <i>Transport etc.</i>	2.600
Fjármálaþjónusta o.fl. <i>Financial intermediation</i>	4.200
Opinber stjórnsýsla o.fl. <i>Public administration etc.</i>	2.800
Fræðslustarfsemi <i>Education</i>	2.400
Heilbrigðis- og félagsþjónusta <i>Health and social work</i>	2.300

Tafla 6. Lönd
Table 6. Countries

Landatákn	Heiti lands, íslenska	Heiti lands, enska
<i>Country Abbreviations</i>	<i>Name of country, Icelandic</i>	<i>Name of country, English</i>
EU	Lönd Evrópusambandsins (ESB27)	European Union (EU27)
AT	Austurríki	Austria
BE	Belgía	Belgium
BG	Búlgaría	Bulgaria
CH	Sviss	Switzerland
CY	Kýpur	Cyprus
CZ	Tékkland	Czech Republic
DE	Þýskaland	Germany
DK	Danmörk	Denmark
EE	Eistland	Estonia
ES	Spánn	Spain
FI	Finnland	Finland
FR	Frakkland	France
GR	Grikkland	Greece
HR	Króatía	Croatia
HU	Ungverjaland	Hungary
IE	Írland	Ireland
IS	Ísland	Iceland
IT	Ítalía	Italy
LT	Litháen	Lithuania
LU	Lúxemborg	Luxembourg
LV	Lettland	Latvia
MK	Makedónía	Macedonia
MT	Malta	Malta
NL	Holland	Netherlands
NO	Noregur	Norway
PL	Pólland	Poland
PT	Portúgal	Portugal
RO	Rúmenía	Romania
SE	Svíþjóð	Sweden
SI	Slóvenía	Slovenia
SK	Slóvakía	Slovakia
TR	Tyrkland	Turkey
UK	Bretland	United Kingdom

Tafla 7. Atvinnugreinar*Table 7. Economic activity*

Bálgur	Atvinnugrein, íslenska	Atvinnugrein, enska
<i>Sections</i>	<i>Economic activity, Icelandic</i>	<i>Economic activity, English</i>
D	Iðnaður	Manufacturing
F	Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð	Construction
G	Verslun og ýmis viðgerðarþjónusta	Wholesale and retail trade; repair
I	Samgöngur og flutningar	Transport, storage and communication
J	Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar	Financial intermediation
L	Opinber stjórnsýsla; almannatryggingar	Public administration and defence; compulsory social security
M	Fræðslustarfsemi	Education
N	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	Health and social work

Hagtiðindi
Statistical Series

96. árg. • 27. tbl.

ISSN 0019-1078

Laun, tekjur og vinnumarkaður
Wages, income and labour market

2011:6

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Anna Sigríður Halldórsdóttir • anna.halldorsdottir@hagstofa.is

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099